



Byggðasamlag Vestfjarða (BsVest)  
Árnagötu 2-4  
400 Ísafjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 4. desember 2015  
Tilv.: IRR15110274/18.10.10

Ráðuneytið hefur með meðfylgjandi auglýsingu staðfest samþykktir fyrir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlað fólks (BsVest). Auglýsingin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og mun samþykktin fylgja með sem fylgiskjal, sbr. fyrri afgreiðslur ráðuneytisins á samþykktum byggðasamlaga.

Ráðuneytið hefur sent öllum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins tilkynningu um staðfestinguna, ljósrit af auglýsingunni og skannað eintak (pdf-skjal) af frumriti samþykktanna sem ráðuneytinu voru sendar með bréfi dags. 25.nóvember 2016.

Fyrir hönd ráðherra

*Hermann Sæmundsson*  
Hermann Sæmundsson

*Stefania Traustadottir*  
Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Skannað eintak (pdf-skjal) af frumriti samþykktanna.  
Ljósrit: Ljósrit af auglýsingu dags. 4. desember 2015.

# AUGLÝSING

um staðfestingu samþykkta fyrir Byggðasamlag Vestfjarða  
um málefni fatlaðs fólks, BsVest.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykktir fyrir byggðasamlag Vestfjarða BsVest. um málefni fatlaðs fólks í Árneshreppi, Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi, Strandabyggð, Súðavíkurhreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem lögheimili á í aðildarsveitarfélögum, í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu 4. desember 2015*

F.h.r.



Hermann Sæmundsson.



Stefánia Traustadóttir.

Fylgiskjal:  
(sjá PDF-skjal)



# BYGGÐASAMLAG VESTJARÐA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Samþykktir BsVest 2015

## 1. Grein

Samlagið er byggðasamlag og heitir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, skammstöfun BsVest. Heimili og varnarþing byggðasamlagsins er í sveitarféluginu Ísafjarðarbæ.

## 2. Grein

Sveitarfélöginn Árneshreppur Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélugin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda sbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamluginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samþykktir þessar.

## 3. Grein

Aðildarsveitarfélöginn fela byggðasamluginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögnum, í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna. Fjárhagslegri og faglegrí umgjörð hennar er nánar lýst í eftirfarandi skjölum sem eru fylgiskjöl með samþykktum þessum::

- Þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. (Fylgiskjal 1).
- Samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna byggðasamlagsins. (Fylgiskjal 2).
- Erindisbréf verkefnahóps. (Fylgiskjal 3).

## 4. Grein

Fjögur þjónustusvæði mynda starfsvæði BsVest. Þjónustusvæðin eru félagsþjónustusvæði Strandabyggðar, Reykhólahrepps, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps félagsþjónustusvæði Vestur-Barðastrandasýslu, félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar og félagsþjónustusvæði við Djúp.

Byggðasamlagið gerir samninga við aðildarsveitarfélöginn um framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi félagsþjónustusvæði þar sem tilgreindir eru þeir þjónustuþættir sem viðkomandi félagsþjónustusvæði/sveitarfélag framkvæmir.

Þá skal í þjónustusamningum gera grein fyrir fjárstreymi, annarsvegar frá sveitarfélögum til byggðasamlagsins og hins vegar frá byggðasamluginu til félagsþjónustusvæðanna. Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélög um einstaka þætti þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

## 5. Grein

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð af fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustusvæði og einn úr stjórn Fjórðungsambands Vestfirðinga. Kosning til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlagsins. Við val á fulltrúum í stjórn byggðasamlagsins skal leitast við að hafa sem jafnasta stöðu kynja í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008.

Kjörtímabil stjórnar skal vera tvö ár í senn og miðast við aðalfund byggðasamlagsins. Kjörgengnir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórnna í aðildarsveitarfélögum.

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

## 6. Grein

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélöganna miðað við fulltrúafjölda skv.10 grein samþykktá þessara, er mættur.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögum umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamningi sveitarfélöganna um málefni fatlaðs fólks, erindisbréfi verkefnahóps eða í samþykktum þessum. Ákvarðanir um lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, gildandi þjónustusaming, erindisbréf verkefnahóps eða samþykktir þessar þarfnaðar staðfestingar frá aðalfundi, aukafundi eða sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélöganna, eftir atvikum og eðli máls.

## 7. Grein

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið, eftir tillögu frá verkefnahóp á grundvelli fjárhagsáætlana félagsþjónustusvæðanna og leggur fyrir aðalfund ár hvert. Stjórn fylgist með að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögum. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

## 8. Grein

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 11. grein samþykktá þessara. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur, skv. 59. grein laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

Skrifstofa Fjórðungsambands Vestfirðinga annast rekstur byggðasamlagsins í umboði stjórnar.

## 9. Grein

Tekjur byggðasamlagsins eru mánaðarleg og árleg framlög aðildarsveitarfélöganna og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt nánari útfærslu sem skýrð er í þjónustusamningi sveitarfélögana um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið greiðir fyrir þjónustu í samræmi við samninga sem gerðir eru við sveitarfélögum um þjónustu við fatlað fólk, við sjálfstæða þjónustuaðila í samræmi við samninga þar um og greiðir sameiginlegan kostnað.

## 10. Grein

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningarári sveitarstjórnar skal halda aukaaðalfund eigi síðar en fyrir lok september þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Fráfarandi stjórn skal boða til þess fundar.

Stjórn boðar til aðalfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi byggðasamlagsins eiga sæti:

- a) Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
- b) Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201-500 íbúa
- c) Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501-1000 íbúa.
- d) Sveitarfélag með yfir 1000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.
- e) Stjórnarmenn byggðasamlagsins og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga hafa málfrelni og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.

Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. janúar yfirstandandi árs.

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri fulltrúa sem sækja aðalfund. Sveitarstjórn skal senda byggðasamlaginu tilkynningu um kjör fulltrúa á aðalfund. Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, sjá þó 11. gr. vegna breytinga á samþykktum.

Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar aðildasveitarfélaga. Varafulltrúar skulu tilnefndir úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga. Um kosningu fulltrúa fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum sem hafi málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

### **11. Grein.**

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi og tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs svo og tillögum að breytingum á samþykktum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og lágmarksþjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 6. gr. samþykktu þessara.

1. Árskýrla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykktu.
6. Laun og þóknun stjórnar
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Í upphafi aðalfundar skal skipa fimm manna kjörnefnd er starfar á fundinum og skal þar vera einn fulltrúi frá hverju félagsþjónustusvæði en tveir frá stærsta félagsþjónustusvæðinu innan byggðasamlagsins. Kjörnefndin sker úr um kjörgengi fulltrúa er sitja fundinn, í samræmi við 9.grein samþykktu þessara og gerir tillögur að skipan stjórnar.

Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna bréflega með sama fyrirvara.

Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfust samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

### **12. Grein**

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að byggðasamlaginu skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það skriflega með sama hætti og aðrar tillögur um breytingar á samþykktum, sbr. 11. gr. samþykktu þessara og tekur úrsögn gildi þar næstu áramót á eftir, enda sé sveitarfélagið þá skuldraust við byggðasamlagið.

Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit byggðasamlagsins fer að öðru leyti eftir 95. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### **13. Grein**

Beiðni um endurupptöku málss skal beint til stjórnar byggðasamlagsins og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **14. Grein.**

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins.

#### **Bráðabirgðaákvæði.**

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr skal kosið til stjórnar BsVest á aukaþingi 4. nóvember 2015.

Hólmavík 4. nóvember 2015

Ora Sigrún Þórssdóttir  
Arneshreppur

Auður Þórhildur Jónsdóttir  
Ísafjarðarbær

Karl Kristjánsson  
Reykholahreppur

Paul. Mørk  
Súðavíkurhreppur

Friðbjörg Ólafsdóttir  
Vesturbýggð

Elias Þórðarson  
Bolungarvík kaupstaður

Finnur Þórssen  
Kaldrananeshreppur

Guðrún Ólafsson  
Strandabyggð

Hildur Þórhildur Jónsdóttir  
Tálknafjarðarbær